Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að beita sér fyrir því að þeir dómarar sem eru yfirdómarar á mótum hérlendis hafi aukna þekkingu til að gegna því hlutverki.

Greinargerð:
Yfirdómari heldur utan um þá dómara sem dæma með honum á hverjum viðburði og hefur ákvörðunarvald í þeim málum sem upp kunna að koma á mótum. Því er mikilvægt að yfirdómarar búi yfir ríkri þekkingu, hafi kynnt sér reglur til hlítar og geti verið leiðandi í sínum störfum. Best er að þeir sem vilja vera yfirdómarar sæki slík námskeið og þá verður til listi yfir þá dómara sem hafa aflað sér slíka þekkingu og skyldum sem yfirdómara ber að gera á mótum. Dómaranefnd LH velur yfirdómara á hvert mót. Skýra þarf betur skyldur yfirdómara og tryggja þeim reglulega endurmenntun.